

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/279

2022/EES/47/13

frá 13. desember 2021

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í aðrar úrhleðsluperur í sérstökum tilgangi, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggji að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um tilteknu undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Kvikasilfur er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 4) Með ákvörðun 2010/571/ESB ⁽²⁾ veitti framkvæmdastjórnin meðal annars undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í aðrar úrhleðsluperur í sérstökum tilgangi sem er ekki sérstaklega nefndur (hér á eftir nefnd undanþágan), sem er núna skráð sem undanþága 4.f í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 21. júlí 2016 í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.
- 5) Hlutverk kvikasilfurs í gasúrhleðsluperum í sérstökum tilgangi tengist ljósframleiðsluferlinu þar sem raforku er breytt í ljós.
- 6) Framkvæmdastjórninni bárust nokkrar umsóknir um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefndar umsóknirnar um endurnýjun) 15. janúar 2015 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um umsóknina um endurnýjun hefur verið tekin.
- 7) Í mati á umsóknunum um endurnýjun, þar sem tekið var tillit til tiltækileika staðgönguefna og félagslegra og hagrænna áhrifa útskiptingar, var komist að þeirri niðurstöðu að sem stendur sé tæknilega ekki mögulegt að skipta út kvikasilfri eða taka það út að því er varðar þá notkun sem fellur undir undanþáguna. Með tilliti til þess að útskipting muni takmarka undanþáguna í framtíðinni er þó rétt að heimila endurnýjun á undanþágunni eingöngu í þrjú ár. Í matinu var einnig komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að skilgreina frekar notkunina sem kemur til greina fyrir endurnýjun á undanþágu í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB vegna sértækrar virkni þeirra og notkunarviðs, þ.e. háþrýstar kvikasilfursperur sem notaðar eru í myndsyningartæki, til lýsingar í garðyrkju og sem gefa frá sér ljós á útfjólubláu tíðnirófi. Að því er varðar þessa sértæku notkun ætti að endurnýja undanþáguna að hámarki í fimm ár. Matið fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Athugasemdirnar sem bárust meðan á þessu samráði stóð voru gerðar aðgengilegar öllum á sérstöku vefsetri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2022 frá 10. Júní 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. september 2010 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágu varðandi búnað sem inniheldur blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómuð bifnýl eða fjölbrómaða dífenýlmeta, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (Stjttíð. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 28).

- 8) Undanþágan er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽³⁾ og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 9) Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

- 1) Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. október 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

- 2) Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað færslu 4.f í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„Undanþága		Gildissvið og gildistími
4.f.I	Kvikasilfur í öðrum úrhleðsluperum í sérstökum tilgangi sem er ekki sérstaklega getið í þessum viðauka	Fellur úr gildi 24. febrúar 2025.
4.f.II	Kvikasilfur í háþrýstum kvikasilfursperum sem eru notaðar í myndsyn-ingartæki sem krefjast úttaks sem nemur ≥ 2000 lúmen ANSI	Fellur úr gildi 24. febrúar 2027.
4.f.III	Kvikasilfur í háþrýstum natríumperum sem eru notaðar til lýsingar í garðyrkju	Fellur úr gildi 24. febrúar 2027.
4.f.IV	Kvikasilfur í perum sem gefa frá sér ljós á útfjólubláu tíðnirófi	Fellur úr gildi 24. febrúar 2027“